

Útskriftarræða

Skólameistari, aðstoðarskólameistari, kennarar, starfsfólk, samnemendur og aðrir gestir.

Hilmar Orri heiti ég og fékk þann heiður að flytja ræðu fyrir hönd nýstúdenta á þessum merkisdegi.

Við undirbúning þessarar ræðu minnar, fór ég yfir gamlar ræður nemenda sem voru akkúrat í sömu sporum og ég er í núna. Þessir nemendur hófu sínar ræður með því að segja að þeir hafi aldrei ætlað sér í FSN, þeir ætluðu alltaf til Reykjavíkur í skóla því það væri svo mikið flottara og betra, en síðan ljúka þeir auðvitað máli sínu með því að segja hversu æðislegur FSN er... Þetta var svolítið öðruvísi með mig.

Þegar ég var í 10. bekk í Grunnskóla Grundarfjarðar átti ég marga góða vini sem voru farnir að stunda nám við FSN. Þeir sögðu mér hversu frábær FSN væri og gerðu mig mjög spenntan fyrir því að hefja nám við skólann. Þeim skjátlaðist ekki. FSN stóðst svo sannarlega væntingar. Hér þekkjast allir og allir eru einhvernveginn svo nánir vinir. Tengsl og samskipti milli nemenda og starfsfólks eru einnig til fyrirmyndar. Það er ekki sjálfgefið að kennarar þekki þig mig nafni, eða vilji almennt spjalla við þig um daginn og veginn á göngum skólans. Það eru í raun algjör forréttindi að hafa stundað nám hér í FSN.

Mín þrjú ár hér í FSN hafa verið viðburðarrík, lærdómsrík og síðast en ekki síst ótrúlega skemmtileg.

Við útskriftarnemar munum rifja upp svo fjölmargar minningar í framtíðinni frá árunum hér í FSN. Kirkjufellsgangan með Sólrúnu, skíðaferðin til Akureyrar,

menningarferðin til Reykjavíkur og útlandaferðirnar sem einhver okkar hafa farið í. Ekki ég reyndar. Mér var ekki boðið.

Ég hef hins vegar verið mjög virkur í nemendafélagi skólans og koma flestar mínar minningar í gegnum félagið.

Fyrsta árið mitt var ég í árshátíðarnefndinni. Ég bauð mig reyndar fram í hana fyrir mistök. Þannig var með mál og vexti að áður en ég kom í skólann hafði ég séð árshátíðarþætti eða árshátíðarannála sem nokkrir nemendur í skólanum sáu um. Ég hélt sem sagt að ég væri að bjóða mig fram til þess að leika í þáttunum. En síðar kom í ljós að ég var að bjóða mig fram til þess að skipuleggja stærsta viðburð skólaársins. Það var reyndar mjög gaman.

Einnig keppti ég tvisvar sinnum fyrir hönd FSN í spurningakeppni framhaldsskólanna „Gettu betur“. Í bæði skiptin komumst við áfram í aðra umferð. Í fyrra skiptið mættum við MR. Já... í æsku spilaði ég marga fótboltaleiki og mætti alltaf í völlinn fullviss um að liðið mitt gæti unnið mótherjann, sama hver það var. Þegar við mættum MR, í Gettu betur... skólanum sem hafði unnið sex sinnum á síðustu sjö árum þetta ár sem við mættumst... þá var svolítið annað uppi á teningnum. En viti menn! Með stöðugum æfingum, miklum eldmóð og gríðarlegum viljastyrk, tókst okkur að koma sjálfum okkur á óvart, og töpuðum aðeins 27-7.

Á mínu þriðja og síðasta ári í skólanum var ég síðan kjörinn sem forseti nemendafélags FSN. Embættið gjörbreytti mér algjörlega. Líkt og fyrri forsetar gerðist ég sjálfumglaður og alveg ótrúlega leiðinlegur.. Nei, segi svona. Þetta verkefni kenndi mér ótrúlega margt. Ég tel mig hafa orðið að betri og þroskaðri manni. Ég vann náíð með mörgum skemmtilegum nemendum sem eru einir af mínum bestu vinum í dag. Embættinu fylgdi mikil ábyrgð og fundaði ég oft með

skólameistara til að komast að niðurstöðu á einhverju tilteknu máli. Ég fundaði reyndar aðeins of oft með honum, og stundum var engin sérstök ástæða til fundarhalda, en hún Hrafnhildur er bara svo hlý og góð og það er bara svo gaman að tala við hana! Einnig vann ég náið með tengiliðum nemendafélagsins, þeim Hadda og Lofti. Ég vil þakka ykkur sérstaklega fyrir skólaárið og alla hjálpinu sem þið veittuð okkur hjá nemendafélaginu.

Þann 29. apríl síðastliðinn var einnig dagur okkar útskriftarnema. Þá vorum við að dimmitera. Við byrjuðum daginn á því að vakna mjög snemma, nánar tiltekið kl. 5:40. Það var sko ástæða fyrir því. Við fórum og vöktum kennara og starfsmenn skólans. Margir þeirra héldu að það væri verið að fremja vopnað rán miðað við öskrin í þeim. En í raun voru þetta bara við í drekabúningum, með lúður og gjallarahorn. Eðlilega.

Síðan fórum við í brunch heim til hennar Aldísar. Þar var móðir hennar í öllu sínu veldi að elda ofan í 14 dimmiteringarnemendur.

Eftir brunchinn fórum við upp í skóla og vorum með eitthvað sprell og fórum síðan í hið árlega vöfflukaffi með starfsfólki skólans sem var mjög gaman, eitthvað sem alla nemendur dreymir um! Þvílíkur draumur, að borða vöfflur með þeim!

Eftir vöfflurnar fórum við flest öll heim að leggja okkur og hlaða batteríin fyrir kvöldið, en þá var lokaball NFSN. Allir skemmtu sér konunglega og var þetta góður endir á afar skemmtilegum degi. Fyrir flesta...

Já, þetta hefur svo sannarlega verið skemmtilegur tími hér í FSN. Í dag erum við hins vegar að kveðja skólann. Skólann sem gaf okkur allar þessar frábæru minningar. Eftir þessi ár höfum við öðlast mikla þekkingu, reynslu, þroskast, eignast ómetanleg vinatengsl og erum tilbúin til að takast á við hvað sem er. Okkur eru allir vegir færir.

Að lokum við ég koma nokkrum hamingjuóskum á framfæri...

Til hamingju Hrafnhildur og Sólrún með ykkar fyrsta ár sem skólastjórnendur, til hamingju með enn eitt árið ykkar kennarar og starfsmenn, til hamingju vinir og ættingjar útskriftarnema, til hamingju með daginn útskriftarnemar, til hamingju FSN!!!!